# AUGLÝSING

**um (1.) breytingu á gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands, nr. 1241/2018, fyrir tæknifrjóvgun sem ekki hefur verið samið um.**

1. gr.

Við 1. mgr. 2. gr. gjaldskrárinnar bætist nýr gjaldskrárliður:

| | | |
|---|---|---|
| 57-062-10 | Afþíðing og frjóvgun eggja | 336.000 kr. |

2. gr.

3. mgr. 2. gr. gjaldskrárinnar orðast svo:

Ef ekki er unnt að ljúka meðferð skv. 2. tl. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 1239/2018, sem hafin er, greiða Sjúkratryggingar Íslands 10% kostnaðar.

3. gr.

Auglýsing þessi um breytingu á gjaldskránni, sem sett er með stoð í 1. mgr. 38. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar og reglugerð nr. 1239/2018, um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tæknifrjóvganir sem veittar eru án samnings við Sjúkratryggingar Íslands, öðlast þegar gildi.

*Sjúkratryggingum Íslands, 11. janúar 2019.*

**María Heimisdóttir.**

*Katrín E. Hjörleifsdóttir.*

B-deild – Útgáfud.: 15. janúar 2019